

# Íslensk list í fornri kirkju

– Þrjár íslenskar listakonur sýna í Santiago de Compostela

Ekki er okkur úr minni liðið að árið 2000 var Reykjavík ein níu menningarborga Evrópu. Meðal hinna menningarborganna var Santiago de Compostela á Norðvestur-Spáni, heilög borg í hugum kaþólskra manna vegna þess að þar í hvelfingum hinnar miklu miðaldadómkirkju eru varðveittar líkamsleifar heilags Jakobs, eins af postulum Jesú Krists.

Reykjavík og Santiago de Compostela höfðu talsverð samskipti á menningarborgarárinu – þeirra minnisstæðust tengjast kórverkinu mikla Codex Calixtinus sem einmitt kom frá Santiago de Compostela. Og enn hefur sambandið ekki slitnað því í síðasta mánuði var opnuð þar samsýning þriggja íslenskra myndlistarmanna, Guðbjargar Lindar Jónsdóttur,



Hér sést líka verk eftir Kristínu Jónsdóttur.



Tveir menningarheimar mætast

Verk Guðbjargar Lindar Jónsdóttur í Iglesia de San Domingos de Bonaval í Santiago de Compostela.

Guðrúnar Kristjánsdóttur og Kristínar Jónsdóttur frá Munkaþverá. Sú sýning var sett upp í Listasafni ASÍ snemma í sumar undir yfirskriftinni Andrá, en sum verkin voru unnin sérstaklega fyrir sýningarrýmið í Santiago de Compostela sem er fjarska ólíkt Ásmundarsal. Sýningarstjóri er Kristín Guðnadóttir, forstöðumaður Listasafns ASÍ.

Rammi sýningarinnar í hinna fornfrægu pilgrímaborg er gömul klausturkirkja, Iglesia de San Domingos de Bonaval. Í klaustrinu er einnig þjóðminjasafn Galísíu. Klausturkirkjan er frá 14. öld og í gotneskum stíl, kennd við

stofnandann, heilagan Dóminíkus. Þar er grafir ýmissa sögufrægra Galísíumanna og kirkjan hefur verið afhelguð og er notuð sem sýningarsalur á vegum borgarinnar.

Að sögn myndlistarkvennanna íslensku er sýningin Andrá eða Moment eins kona stefnumót íslenskrar samtímalistar og fornra kirkjubyggingar. Þar mætast tveir ólíkir menningarheimar í tíma og rými og renna saman í heild, verkin fá nýja merkingu og kirkjuskipið lifnar við á óvæntan hátt. Sýningin hefur vakið athygli á Spáni og fengið um fjöllun í sjónvarpi og dagblöðum.